

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/1018
komudagur 14.2.2003

Efni:

Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Félag um verndun hálandis Austurlands lýsir eindregnum stuðningi við það að bygging Kárahnjúkavirkjunar verði borin undir þjóðaratkvæði samhliða alþingiskosningum í maí nk.

Landsmenn skiptast mjög í fylkingar í afstöðunni gagnvart Kárahnjúkavirkjun sem er ein stærsta framkvæmd sem áformuð hefur verið hér á landi. Þeir hafa hins vegar ekki fengið að láta þá afstöðu í ljósi þar sem Kárahnjúkavirkjun var ekki uppi á borðinu í síðustu alþingiskosningum.

Félag um verndun hálandis Austurlands telur mikilvægt að þjóðin fái að segja álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu um mikilvægustu málefni þjóðarinnar. Bygging Kárahnjúkavirkjunar hefði í för með sér gríðarlega mikil og óafturkræf spjöll á náttúru hálandisins norðan Vatnajökuls. Málið er svo stórt og mikilvægt fyrir nútíð og framtíð að það verðskuldar þjóðaratkvæðagreiðslu.

14. 2. 2003

F.h. Félags um verndun hálandis Austurlands



Þórhallur Þorsteinsson